

Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneyti
Sölvhólsgötu 7
101 Reykjavík

Hornafirði, 8. júní 2019
nr. erindis 201905017 MÁ

Málefni: Umsögn um Grænbók, stefna um málefni sveitarfélaga

Sveitarfélagið fagnar því að lagt sé í vinnu að stefnumótun í málefnum sveitarfélaga. Fjallað var um Grænbókina í bæjarráði Sveitarfélagsins Hornafjarðar.

Sjálfstjórn sveitarfélaga

Mikilvægt er að skerpa á virðingu ríkisins fyrir sjálfsákvörðunarrétti sveitarfélaga yfir tekjustofnum sínum. Að ekki sé verið að breyta lögum eða samþykkja lög á Alþingi sem hafa í för með sér kostnaðarauka fyrir sveitarfélögin án þess að komið sé með tekjur á móti. Einnig á þetta við um reglugerðir sem settar eru án þess að kannað sé til hlítar hvaða áhrif þær kunna að hafa á sveitarfélögin. Dæmi um þetta eru ný lög um persónuvernd og lög um opinber innkaup.

Verkaskipting ríkis og sveitarfélaga er oft á tíðum ekki nægilega skýr. Það eru tækifæri til að efla verkaskiptingu t.d. með samningi við sveitarfélög um rekstur heilbrigðisþjónustu. Sveitarfélagið Hornafjörður hefur rekið heilbrigðisþjónustuna á Hornafirði síðan 1996 á farsælan hátt. Erfiðlega hefur gengið að fá endurnýjun á samningum við ríkið um þjónustuna, skilningurinn hefur ekki alltaf verið til staðar. Sveitarfélagið var frumkvöðull á þessu sviði lengi vel og einnig tók sveitarfélagið yfir málefni fatlaðra á sama tíma. Rekstur þessara málaflokka hefur gengið vel og tekist hefur að vinna úr því fjármagni sem hefur fengist til rekstursins. Vel hefur einnig tekist að samþætta rekstur þessara málaflokka. Ýmis grá svæði eru í verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga t.d. er varðar geðræna þjónustu. Skólakerfið sinnir þeirri þjónustu af fremsta megni en það eru fá úrræði sem taka við af skólakerfinu. Sálfræðiþjónusta er kostnaðarsöm og á mörgum stöðum ekki í boði. Þjónusta talmeinafræðinga er misskipt eftir landssvæðum. Þetta eru nærtækustu dæmin.

Fyrirkomulag samskipta milli ríkis og sveitarfélaga hefur breyst mikið á undanförunum árum. Nú fara samskiptin nær eingöngu fram í gegnum Samband íslenskra sveitarfélaga eða landshlutasamtök sveitarfélaga. Sveitarfélögin hafa lítinn snertiflöt við ríkið t.d. er varðar fjárlög. Samtalið fer eingöngu fram þegar þingmenn heimsækja sveitarfélög. Umræðan er þá ekki alltaf vel ígrunduð eða markviss og tíminn oft stuttur. Það getur ekki talist eðlilegt að sveitarfélög hafi vart snertiflöt gagnvart ríkinu á annan hátt. Samráðsgáttin er þó til bóta og tækifæri til að efla samskipti á þann hátt.

Hvað varðar tekjustofna sveitarfélaga þá þarf að ganga frá því að tekjustofnar sem verða til í sveitarfélögum s.s. gistináttaskattur sitji eftir í meira mæli hjá sveitarfélögum. Það er á

ábyrgð sveitarfélaga að byggja upp innviði í tengslum við komur ferðamanna og til þess þarf aukið fjármagn.

Einnig er eðlilegt að felldur verði niður eða endurgreiddur virðisaukaskattur af fráveituframkvæmdum sveitarfélaga.

Lýðræði og mannréttindi

Það ættu að vera ákveðin viðmið til staðar um fjölda fulltrúa í sveitarstjórn eftir stærð sveitarfélaga. Persónukjör eru reglulega í umræðunni, kostir þess eru að þannig hafa íbúar tækifæri til að kjósa þá einstaklinga sem þeir treysta óháð stjórnarmálflokk. Gallar við það er að baklandið við sveitarstjórnarmenn getur verið takmarkað á þann hátt.

Til þess að efla þátttöku í sveitastjórnunum þarf að skoða kjör og starfsaðstæður. Það er mikilvægt að horfa þar til fundartíma nefnda t.d. á dagvinnutíma, það getur hjálpað að kjörnir fulltrúar séu með fast starfshlutfall, a.m.k. þeir sem eru í ábyrgðamestu stöðunum. Þannig geta þeir gefið sig meira að starfinu. Einnig er mikilvægt að nýta tæknina á betri hátt s.s. fjarfundi o.fl. Þannig hafa íbúar í dreifbýli meiri möguleika á þátttöku. Einnig dregur það úr þörf á ferðalögum kjörinna fulltrúa á milli landssvæða sem eflir starfsgetu þeirra og skilvirkni til lengri tíma. Til þarf að koma aukinn skilningur atvinnulífsins á mikilvægi sveitarstjórnarmála, því er mikilvægt að kynna vel rétt einstaklinga til að taka þátt í sveitarstjórnarmálum og kynna fyrir atvinnulífsinu þau gæði sem felast í því að hafa sveitarstjórnarfolk í vinnu en ekki að það sé ókostur. Spurning um að skattaívilnanir til fyrirtækja sem gera starfsfólki sínu kleift að sinna slíkum störfum!

Ákvarðanir um launakjör ættu að vera á hendi sveitarstjórnarstigsins sjálfs ekki ríkisvaldsins t.d. í gegnum samband íslenskra sveitarfélaga. Sveitarstjórnir þurfa að hafa gott frelsi við val á sínum bæjar/sveitarstjórnunum. Traust þarf að ríkja milli aðila og er það ekki fengið með lögum um ráðningar í opinberar stöður.

Landfræðilega stór sveitarfélög kalla oft á fjölbreyttari skipan sveitastjórnarstigsins. Mikilvægt er að veita svigrúm til nýsköpunar í skipan til sveitarstjórna/heimastjórna t.d. í sameiningarferli stórra og viðferma sveitarfélaga.

Það er mikilvægt að íbúar geti tekið meiri þátt í ákvörðunartöku og stefnumótun sveitarfélaga, það er áskorun að ná til íbúa og því er mikilvægt að vinna saman að því að virkja íbúa til samráðs bæði með því að deila þekkingu á því hvaða leiðir henta best því sum sveitarfélög hafa náð ansi langt í að þróa tækni og leiðir til að auka samráð og þátttöku. Íbúafundi nýtast ágætlega en þeir hafa þá ókosti að mæting er oft dræm og oft sama fólk sem tekur þátt. Rafrænar leiðir eru nærtækari leiðir fyrir ákveðna hópa samfélagsins en nýtast verr öðrum hópum s.s. eldri aldurshópum. Tæknin er til staðar en er oft á tíðum dýr og mannaúður til að finna leiðir til að nýta tækni ekki til staðar. Því er samráð sveitarfélaga gríðarlega mikilvægt.

Sjálfbærni

Stærð sveitarfélaga hefur klárlega áhrif á það hversu sjálfbær þau eru. Stjórnsýslan er oft betur mönnuð þegar sveitarfélög eru stærri. Það getur verið nauðsynlegt að ákveða lágmarksíbúafjölda þannig að hvatning sé til staðar til sameiningar. Einnig er mikilvægt að hvatning til sameiningar sé til staðar í formi fjármagns, samgöngubóta eða annars slíks. Stærri sveitarfélög hafa betri möguleika á að þróast, setja fjármagn í innleiðingu á tækni og þróun hennar, í gæðavinnu og stefnumótun svo eitthvað sé nefnt. Það má líka nýta

sveitastjórnarstigið til að deila þekkingu á milli sveitarfélaga t.d. einhvers konar verkfærakistu. Varðandi fjármálareglur þá eru þær til bóta en það þarf einnig að vera einhvers konar sveigjanleiki til staðar sérstaklega á tímum þar sem uppbygging er hröð.

Heildarhagsmunir

Landshlutasamtök sveitarfélaga hafa óljósa stöðu samkvæmt lögum. Þeirra hlutverk þarf að skerpa og styrkja þarf réttarstöðu þeirra og efla þau sem hagsmunasamtök sveitarfélaga á ákveðnu svæði.

Það er sóknarfæri í því að sameina sveitarfélög til að ná fram aukinni samþættingu og hagræðingu. Sameiningum þarf að fylgja fjárhagslegur stuðningur því framkvæmdin er kostnaðarsöm. Það er gríðarlega mikilvægt að slíkur stuðningur komi beint frá ríkinu en sé ekki tekinn af fjármagni Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga. Sameining sveitarfélaga má ekki hafa neikvæð áhrif á tekjur annarra sveitarfélaga sem nýting Jöfnunarsjóðs til stuðnings óneytanlega gerir.

Fjárfestingaráætlanir á borð við samgönguáætlun, fjarskiptaáætlun, heilbrigðisáætlun, loftslagsáætlun o.fl. hafa mikilvæg áhrif á þróun sveitarstjórnarstigsins til framtíðar. Öflugri samgöngur hafa bein áhrif á getu og vilja sveitarfélaga til sameiningar og samstarfs og hefur einnig áhrif á getu til að veita heilbrigðisþjónustu. Bætt fjarskiptanet, þriggja fasa rafmagn og jöfnun á raforkukostnaði eflir möguleika til búsetu hvar sem er í landinu og til að stunda atvinnu. Aðgerðir á þessum sviðum eru einnig beinar byggðaaðgerðir sem hafa jákvæð áhrif á þróun byggðar. Öflugari samgöngur, stytting leiða og bætt öryggi er eitt af því sem tryggir betri rekstur bæði hjá ríki og sveitarfélögum því það eflir skólasókn, tómstundastarf, dregur úr kostnaði vegna slysa og fleira mætti telja til. Það er mikilvægt að horfa til samþættingar slíkra áætlana í tengslum við byggðaaðgerðir.

Verkefni sveitarfélaga og tekjustofnar

Það eru tækifæri til þess að flytja fleiri verkefna til sveitarfélaga, það mundi efla sveitarfélög og auka samþættingu í rekstri. Skýr dæmi þess eru t.a.m. framhaldsskólinn, heilbrigðisþjónusta (fordæmi þar eru til staðar á Norðurlöndum) og málefni aldraðra. Mikilvægt er að auka til muna störf án staðsetningar hjá hinu opinbera með það skýra markmið að efla sérfræðistörf úti á landsbyggðunum.

Það eru mikil tækifæri í að nýta betur rafræna tækni hjá sveitarfélögum og einnig ríki, það eru þó nokkrir óskostir því tengt. Rafræn tækni er oft á tíðum dýr í innleiðingu og mannauðurinn ekki alltaf til staðar til að leiða innleiðinguna.

Virðingarfyllst

Matthildur Ásmundardóttir
bæjarstjóri
Sveitarfélagsins Hornafjarðar